

Hvolsvelli 29. janúar 2010

Skrifstofa Mýrdalshrepps Vík í Mýrdal
Bt. Sveitarstjóra Sveins Pálssonar

Málefni: Athugasemdir við auglýsta aðalskipulagstillögu 2009 - 2025

Undirritaður hefur ávallt haft nán tengsl við Vík og telur sig því hafa hagsmuna að gæta vegna framlagðrar aðalskipulagstillögu. Hér er gerð athugasemd við tvö atriði, legu þjóðveg nr.1 um Víkurfjöru ásamt tilheyrandi jarðgöngum og fyrirhugaðan sjóvarnargarð meðfram fjörunni frá ósi Víkurár að Reynisfjalli.

Legu þjóðveg nr.1 um Víkurfjöru ásamt tilheyrandi jarðgöngum hefur mjög neikvæð áhrif á fjöruna sem aðráttarafli fyrir ferðamenn sem leita flestir að náttúrunni í sinni óbreyttu mynd. Gönguferð um fjöruna er mjög vinsæl. Ferðaþjónusta er í dag alvöru atvinnugrein fyrir Íslendinga og nú sjá margir bjarta og ábatasama framtíð í þeirri grein. Því má ekki spilla fjörunni ónauðsynlega á þessu einstaka svæði með áberandi mannvirkjum, þjóðvegi nr. 1, fyrirferðamiklum varnargarði og jarðgöngum ásamt vegskála. Ónæði frá þungri umferð mun líka trufla sérstaka upplifun á þessum stað og valda ónæði í skólanum og hjá þeim íbúum sem verða við breytingarnar mun nær veginum. Hugsanlega gæti líka orðið meira ónæði frá bergmáli þegar þung umferð færir nær fjallinu þar sem það er brattast og bergið bert.

Hér er lagt til að vegurinn verði um göng sem færu inn í fjallið rétt ofan við Austurveg 1 eins og tillögur um „efri leið um Vík“ hafa gert ráð fyrir. Gangnamunninn er þá utan við það svæði þar sem veður verða verst inn úr Víkinni. Þessi göng kæmu svo út þar sem vegalengdin gegnum fjallið er einna minnst. Aðgengi frá Vík að náttúrufegurðinni í Reynisfjöru verður áfram mjög gott. Göngin eru nokkuð hærra í landinu en ef þau væru í fjörunni nálægt sjávarhæð. Nú er gert ráð fyrir hækkun sjávar á komandi árum. - Draga má úr ónæði frá stórum bílum um núverandi vegstæði í þorpinu með því að breyta yfirborði vegarins og taka upp hellulögnina ásamt hraðahindrunum og setja slétt yfirborð á veginn sem veldur þá minni titringi og hávaða. Hellusteininn má vel endurnýta til fegrunar á umferðarminni vegum og torgum.

Sjóvarnargarður meðfram fjörunni frá ósi Víkurár að Reynisfjalli er mikið og áberandi mannvirki á afar viðkvæmu svæði. Því ekki að reyna aðrar leiðir sem etv. gera meira gagn og kosta minna. Menn geta séð að í Reynishverfi vestan við fjallið er fjaran mun stöðugri og sjórinn nær ekki að éta upp landið á skömmum tíma eins og gerist austan við Reynisfjall í Víkurfjöru. Ef Reynisfjall stæði austan við Vík væri Víkurfjaran stöðugri og ekki vandamál. Þessa þekkingu má nota til að varðveita sandinn í Víkurfjöru án stórra og áberandi mannvirkja. Hér er lagt til að settir verði lágir garðar upp frá sjávarlínunni þvert á fjöruna. Þessir garðar ættu að liggja þvert á ríkjandi sjávarstrauma og vindátt, eins og Reynisfjall, og varðveita þannig betur og safna saman fjörusandinum eins og í Reynisfjöru. Gagnsemi garðanna má reyna með tilraunum á líkani

og/eða með því að setja til prufu einn garð út t.d. við vesturbakka óss Víkurárinnar. Garðinn mætti byggja úr steypnum hleðslueiningum unnum úr mölinni í fjörunni. Vinna skapast við gerð steypueininganna og þjóðvegurinn frá grjótnámasvæðinu verður ekki fyrir ániðslu grjótflutninganna. Þessir garðar safna svo í sig sandi sem ver steypuna og bætir útlit þeirra.

Í haust var Víkurfjaran að hlaðast upp aftur og ós Víkurárinnar talsvert vestar en áður svo kannski er nú svigrúm til að gera tilraunir og finna bestu leiðina. Á umræddu aðalskipulagi 2009-2025 má gera ráð fyrir báðum gerðum varnargarða svo ekki þurfi að verða tafir á framkvæmdum vegna skipulagsmála eða á afgreiðslu aðalskipulagsins.

Baráttan við sandinn í Vík er ekki ný enda munu þvergarðar til að fanga sandburð hafa verið reyndir áður. Eitt sinn var tunnum fylltum sandi raðað í vegg til að fanga sand og skiluðu árangri. Þvergarðar í fjörunni geta verið tiltölulega efnislitlir og halda áfram opinni sýn til sjávar milli garðanna. Svona garðar fanga sandburðinn með því að veita skjól sem sandurinn hleðst upp í, en þurfa ekki að takast beint á við ofurafli hafsins.


Þá hlýtur að vera glannalegt að leggja þjóðveginn í fjöru sem ekki er alveg víst að hægt sé að verja þó svo menn sýni allan vilja til að svo megi verða. Það er rétt að minnast þess að það eru aðeins nokkur hundruð ár, á sautjándu öld, síðan sjórinn náði upp að Víkarklett. Þá mun leiðin austur hafa verið um Heiðardalinn og niður með Vatnsánni.

Nú líður að lokaafgreiðslu aðalskipulagsins og því flestir sennilega búnir að sætta sig við skipulagið eins og það er sett fram. En ég bið samt hvern og einn sem um málið fjallar að hugsa sig ennþá betur um og hlusta líka á rök þeirra sem hafa talað lágt og haft hægt um sig.

Í dag er gönguferð út með hrapinu fram að sjó mjög ljúf og eftirsóknarverð upplifun sem mjög margir fara og beinlínis dregur marga að svæðinu. Þegar á þessari stuttu leið verður kominn þjóðvegur, göng í fjallið, vegskáli og mikill sjóvarnargarður sem takmarkar sýn fram á sjó þá verður þetta ekki svo eftirsóknarverð upplifun. Það er brýnt hagsmunamál íbúanna að varðveita þetta svæði sem þýðingarmikið aðdráttarafi og framlag til ferðaþjónustu og þeirrar atvinnu sem þar má hafa. Betra aðgengi að náttúruperlunum ykkar er gott en yfir þær er mjög slæmt.

Mér finnst þið eiga betri lausn skilið en nú hefur verið sett fram. Lausnin á að snúast um að verja þorpið fyrir ágangi sjávar með aðstoð og á ábyrgð ríkisins en veginn má og á að setja á betri stað.

Ávalt með vinsemd og virðingu,



Sæmundur Holgersson kt. 080546-4679

Hvolsvegur 9a, 860 Hvolsvöllur